



Glertrygging

Skilmáli E-13

Glertrygging bætir tjón á venjulegu og sléttu rúðugleri í fasteign ef það brotnar. Taka þarf sérstaklega fram ef tryggja á sandblásið og/eða skreytt gler, glerskilti ásamt ljósabúnaði eða gler í auglýsingakössum og afgreiðsluborðum. Glertryggingin gildir aðeins ef rúðum hefur verið komið fyrir á endanlegum stað. Glerisetningartrygging gildir hins vegar við ísetningu eða geymslu glers.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Glertrygging (valkvæð)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir:

- brot á hinu váttryggða gleri ásamt ísetningarkostnaði.
- kostnað við uppsetningu á lokun til bráðabirgða í stað glers eftir bótaskyld tjón.
- brot á gler- og plastskiltum ásamt ljósabúnaði, þegar slíkur búnaður er tilgreindur á váttryggingarskírteini.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- sem fólgið er í því að úr glerinu flísast eða það rispast án þess að brotna.
- vegna óþættra samskeyta á tvöföldu eða þreföldu gleri.
- vegna útlitsbreytingar svo sem ef um er að ræða litamun á þeim rúðum sem skipt er um og hinum sem fyrir eru.
- vegna eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging húseigna nær til.
- sem orsakast vegna þenslu, vindings eða af ónógu viðhaldi ramma eða lista.
- vegna þess að lampar eða hitatæki hafa verið notuð til að verja glerið frosti eða móðu.
- á áletrun eða öðru sem grafið er í glerið, loftlokum eða öðrum útbúnaði á glerinu og ekki heldur tjón á glerinu sem er afleiðing þess að slíkur útbúnaður er settur á, gert við hann eða hann tekinn burt.
- af völdum byggingaframkvæmda eða viðgerða utanhúss, nema málningu og venjulegu viðhaldi sem á sér stað á viðkomandi húsi eða hverju öðru húsi innan 10 metra fjarlægða frá glerinu.
- sem verður vegna breytinga sem framkvæmdar eru við glerið, ramma þess og kringum það.

3. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin tekur til venjulegs, slétts rúðuglers í húsi því eða húseignarluta sem getið er í váttryggingarskírteini. Forsenda bótaskyldu er að rúðunum hafi verið komið fyrir á endanlegum stað. Sé glerið tekið úr aftur fellur glertryggingin niður.

Nedán greint er aðeins tryggt, sé þess getið á váttryggingarskírteini:

- Gler í auglýsingakössum og afgreiðsluborðum.
- Sandblásið og/eða skreytt gler.
- Plast- eða glerskilti ásamt ljósabúnaði.

2. Kafli. Glerisetningartrygging (valkvæð)

Vátryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á vátryggingarskírteini.

4. gr. **Hvað bætir tryggingin?**
Tryggingin bætir tjón sem verður á vátryggðu gleri í geymslu eða við ísetningu. Hafi gleri verið komið fyrir á endanlegum stað fellur tryggingin niður.
5. gr. **Hvað er vátryggt?**
Vátryggingin tekur til glers þess sem tilgreint er á vátryggingarskírteini.
6. gr. **Varúðarregla**
Þeir sem annast ísetningu glersins skulu hafa til þess næga kunnáttu.

3. Kafli. Almenn ákvæði

7. gr. **Hver er vátryggður og meðvátryggður?**
Vátryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir er í vátryggingarskírteini.
8. gr. **Hvar gildir tryggingin?**
Vátryggingin gildir á þeim stað sem tiltekin er í vátryggingarskírteini.
9. gr. **Vátryggingarverðmæti**
Vátryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini. Fjárhæðin breytist við endurnýjun samkvæmt vísitölu neysliverðs. Upphæð vátryggingarfjárhæðar telst ekki vera sönnun á verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna. Vátryggingartaka ber sjálfum að gæta þess að vátryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.
10. gr. **Óbeint tjón**
Vátryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.
11. gr. **Takmarkanir eða varúðarreglur**
Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
12. gr. **Ákvörðun bóta**
Bætur miðast við verð á sams konar gleri og því sem vátryggt er ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. Tjón er bætt með útvegun sams konar hluta og tjón varð á ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði.
- Sé ekki unnt að útvega sams konar gler eða hluti og tjón varð á greiðir félagið bætur sem svara til markaðsvirði hins vátryggða hlutar. Bætur skulu miðaðar við verðmæti glers á tjónsdegi nema annað komi fram í vátryggingarskírteini.
- Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátrygging skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.
13. gr. **Upplýsingaskylda vátryggingartaka**
Félaginu er heimilt að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.
14. gr. **Visitala**
Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

Skilmálar þessir gilda frá 15.02.2023